



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kortlagningu á fjölda og högum heimilislausra árið 2021

Á fundi borgarráðs þann 16. september 2021 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvers vegna hefur ekki verið gerð könnun á fjölda utangarðsfólks í borginni eins og gert var síðast árið 2017? Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram tillögu um slíka könnun á fundi borgarstjórnar 16. mars 2021 sem var samþykkt og vísað til meðferðar velferðarráðs. Nú er liðið hálft ár frá því þetta var samþykkt í borgarstjórn.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 20. september 2021.

Svar:

Úttekt á stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var framkvæmd í nóvember og desember 2021 af deild málaflokks heimilislausra á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði. Tölfræðin sem kemur fram í úttektinni byggir á skráningu hópsins 1. október 2021. Eins og fram kemur í fyrirspurninni voru fyrri úttektir á stöðu heimilislausra framkvæmdar árin 2009, 2012 og 2017. Framkvæmd þeirra var á þann veg að send var út könnun á stofnanir sem sinntu þjónustu við hópinn. Á árinu 2021 hefur orðið breyting í skráningum á heimilislausum í þjónustu Reykjavíkurborgar með miðlægri skráningu á vegum Vettvangs- og Ráðgjafateymi (VoR) í samvinnu við lögreglu, fangelsismálayfirvöld og heilbrigðisstofnanir.

VoR-teymið flokkar einstaklinga sem eru heimilislausir á grundvelli ETHOS (European typology of homeless-ness and housing exclusion) sem gerir það mögulegt að meta enn betur þjónustuparfir hópsins. Á grunni þessarar skráningar er hægt að vinna markvissa tölfræði um þennan viðkvæma hóp í þjónustu Reykjavíkurborgar sem er aðgengileg með reglubundnum hætti.

Helstu niðurstöður eru að heildarfjöldi heimilislausra í október 2021 er 301 einstaklingur. Þar af eru 54% í húsnæði (getur verið sjúkrahús, fangelsi, áfangaheimili), 3% á víðavangi og 31% í reglubundinni neyðargistingu. Skipting milli kynja er 214

karlar (71%) og 87 konur (29%), 89% hópsins er með íslenskt ríkisfang og 11% með erlent ríkisfang. Um 71% hópsins er á aldrinum 21–49 ára.

Í úttektinni var einnig skoðuð þróun á fjölda heimilislausra á tímabilinu 2009-2021. Helstu niðurstöður eru að frá 2017 hefur fækkað um 14% í hópnum. Hlutfall kvenna hefur verið frá um fjórðungi til um þriðjungs á tímabilinu. Ríkisfangið hefur haldist nokkuð stöðugt hlutfallslega frá árinu 2012 þar sem fólk með erlent ríkisfang er um 10–11% hópsins. Flestir heimilislausir eru á aldrinum 21–49 ára öll úttektarárin. Mesta fjölgunin milli áranna 2017-2021 er í hópnum 31–40 ára og mesta fækkunin í hópnum 21–30 ára.

Þá er einnig fjallað sérstaklega þann hóp heimilislausra sem er í þjónustu VoR-teymis velferðarsviðs. Alls eru 120 einstaklingar með þjónustu VoR-teymis eða 40% heimilislausra. Af þeim sem fá þjónustu VoR-teymis eru 65% karlar og 35% konur. 91% eru með íslenskt ríkisfang og 9% með erlent ríkisfang. Af notendum VoR-teymis eru 64% á aldrinum 21–49 ára og er aldursdreifingin á pari við aldursdreifingu hópsins almennt.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri

Fylgiskjal:

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir – úttekt velferðarsviðs á stöðu hópsins 1. október 2021.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustufarfir

Úttekt | Staða hópsins 1. október 2021

Deild málaflokks heimilislausra
Teymi árangurs- og gæðamats

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Skilgreining á heimilisleysi	4
3. Samanburður og gagnaöflun	5
4. Framkvæmdin	6
5. Helstu niðurstöður.....	9
6. Heimilislausir árið 2021.....	10
6.1 Greining eftir kyni	12
6.2 Greining eftir ríkisfangi	15
6.3 Greining 2021 eftir aldri	18
7. Þróunin 2009–2021.....	20
7.1 Greining eftir kyni	21
7.2 Greining eftir ríkisfangi	22
7.3 Greining eftir aldri	23
8. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis	26
8.1 Greining eftir kyni	29
8.2 Greining eftir ríkisfangi	32
8.3 Greining eftir aldri	35

Viðauki

ETHOS-flokkar	38
---------------------	----

Töflur og myndir

Töflur

Tafla 1. ETHOS-flokkar, 2017-flokkar og gagnaöflun 2021	7
---	---

Myndir

Mynd 1. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum - hlutfall.....	10
Mynd 2. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum - fjöldi	11
Mynd 3. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir kyni - fjöldi	12
Mynd 4. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og kyni - hlutfall	13
Mynd 5. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og kyni - fjöldi	14
Mynd 6. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ríkisfangi - fjöldi	15
Mynd 7. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi - hlutfall	16
Mynd 8. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi - fjöldi	17
Mynd 9. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir aldri og kyni - hlutfall	18
Mynd 10. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir aldri og kyni - fjöldi	19
Mynd 11. Heimilislausir 2009-2021 - fjöldi	20
Mynd 12. Heimilislausir 2009-2021 eftir kyni - hlutfall	21
Mynd 13. Heimilislausir 2009-2021 eftir kyni- fjöldi	21
Mynd 14. Heimilislausir 2009-2021 eftir ríkisfangi - hlutfall	22
Mynd 15. Heimilislausir 2009-2017 eftir ríkisfangi - fjöldi	22
Mynd 16. Heimilislausir 2012-2021 eftir aldri - hlutfall	24
Mynd 17. Heimilislausir 2012-2021 eftir aldri - fjöldi	25
Mynd 18. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum - fjöldi	27
Mynd 19. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum - hlutfall	28
Mynd 20. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR teymis eftir kyni - fjöldi	29
Mynd 21. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis eftir ETHOS-flokkum og kyni - hlutfall.....	30
Mynd 22. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis eftir ETHOS-flokkum og kyni - fjöldi	31
Mynd 23. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR teymis eftir ríkisfangi - fjöldi	32
Mynd 24. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi - hlutfall	33
Mynd 25. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi - fjöldi	34
Mynd 26. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR teymis eftir aldri - hlutfall.....	35
Mynd 27. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR teymis eftir aldri - fjöldi	36
Mynd 28. Heimilislausir með þjónustu VoR teymis eftir aldri og kyni - fjöldi	37

1. Inngangur

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2021 að gera könnun á fjölda heimilislausra í borginni eins og gert var árið 2017. Ákveðið var að vísa málinu til meðferðar velferðarráðs.

Velferðarráð tók málið fyrir á fundi sínum þann 21. apríl 2021 þar sem ákveðið var að beina því til félagsmálaráðuneytisins að koma á samræmdri skilgreiningu á heimilisleysi. Jafnframt var mikilvægi þess áréttað að velferðarsvið myndi meta fjölda heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, í samræmi við aðgerðaáætlun og stefnu í málaflokknum.

Sem fyrr segir var gerð úttekt á stöðu heimilislausra í Reykjavík árið 2017. Sambærilegar en ekki eins umfangsmiklar úttektir voru unnar árin 2012 og 2009.

Þjónusta við heimilislausu hefur þróast og tekið miklum breytingum frá árinu 2017, með aukinni áherslu á þau sem eru talin með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Á árinu 2019 var samþykkt stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir sem gildir til ársins 2025. Í kjölfar stefnu var deildarstjóri ráðinn yfir málaflokk heimilislausra komið á fót á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sem vinnur á grundvelli hugmyndafræðinnar húsnæði fyrst (e. housing first). Þá var vettvangsþjónusta endurskilgreind, var starfsemi VoR teymisins endurskipulögð með áherslu á hugmyndafræði málaflokksins.

Breyting hefur einnig orðið á því hvernig gagna er aflað og hefur velferðarsvið eftt til muna skráningu á hópnum sem fær þjónustu. Það gerir alla vinnslu og greiningu gagna mun auðveldari og aðgengilegri en áður.

Í þessari úttekt er í fyrsta lagi varpað ljósi á hópinn sem var heimilislaus í þjónustu velferðarsviðs 1. október 2021. Í öðru lagi er þróun á fjölda heimilislausra frá árinu 2009 skoðuð. Að lokum er hópurinn sem er með þjónustu VoR-teymis rýndur sérstaklega.

2. Skilgreining á heimilisleysi

Árið 2005 gaf félagsmálaráðuneytið út skilgreiningu á heimilisleysi. Í úttektum Reykjavíkurborgar árin 2009, 2012 og 2017 var sú skilgreining notuð, auk sex ETHOS-þátta af þrettán. Skilgreining félagsmálaráðuneytis er svohljóðandi:

”

„Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húsaskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húsaskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnameðferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húsaskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

Sama ár setti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram ETHOS-skilgreininguna á heimilisleysi (European typology of homelessness and housing exclusion). ETHOS skilgreinir margvíslegar aðstæður sem flokkast undir heimilisleysi. Um er að ræða mjög breiða skilgreiningu sem tekur tillit til þátta sem falla jafnt undir heimilisleysi sem húsnæðisútilokun (housing exclusion).

Undir ETHOS-skilgreininguna falla 13 þættir sem skiptast í fjóra yfirflokka og 13 aðgerðaflokka. Yfirflokkarnir eru: 1) á götunni, 2) húsnæðislaus, 3) ótryggar húsnæðisaðstæður og 4) ófullnægjandi húsnæði. Sjá nánar í viðauka.



3. Samanburður og gagnaöflun

Í fyrri úttektum var notast við sex aðgerðaflokka ETHOS sem gaf heildartölu heimilislausra búsettra í Reykjavík. Framkvæmd skráningar í þessa ETHOS-flokka árin 2009–2017 var á þann veg að hver einstaklingur gat verið skráður í fleiri en einn flokk. Í tölfræði 2021 er hins vegar hver einstaklingur einungis skráður í einn ETHOS-flokk. Það gerir að verkum að samanburður á fjölda fólks í ETHOS-flokkunum milli ára er ekki mögulegur.


Í fyrri úttektum voru ETHOS-flokkarnir „fólk í húsnæði fyrir heimilislausu“ (nr. 3) og „fólk í húsnæði og fær langtímastuðning vegna heimilisleysis“ (nr. 7) settir saman í einn flokk. Í úttektinni nú eru þessir flokkar aðgreindir og þannig stuðst betur við ETHOS-flokkana. Með þessu móti er hægt að greina enn betur stöðu einstaklinga.

Í fyrri úttektum var Kvennaathvarfið sérstakur flokkur. Í úttektinni árið 2017 var einungis ein kona skráð í þann flokk.

Í þeirri úttekt var ekki óskað eftir gögnum frá Kvennaathvarfinu heldur var um að ræða skráningu frá einhverjum þeirra starfsmanna eða stofnana sem skráðu gögn í könnunina. Þannig má gefa sér að ekki er um að ræða tæmandi skráningu á þeim sem kunna að hafa dvalið í Kvennaathvarfinu og falla í hóp heimilislausra.

Fyrirspurn var send Kvennaathvarfinu við vinnslu úttektarinnar nú. Kvennaathvarfið skráir konur ekki á grunni kennitalna og því er erfitt að meta stöðu þeirra. Það gerir að verkum að ekki er hægt að útiloka að sami notandi sé talinn tvisvar. Vegna þessara annmarka var ákveðið að nota ekki flokkinn „kvennaathvarf“ nú.

Hér verða því sex ETHOS-flokkar til skoðunar sem eru samanburðarhæfir við úttektina sem gerð var árið 2017. Flokkana má sjá í töflu á blaðsíðu 6 og 7.



4. Framkvæmdin

Fyrri úttektir á stöðu heimilislausra voru framkvæmdar árin 2009, 2012 og 2017. Framkvæmd þeirra var á þann veg að send var út könnun á stofnanir sem sinntu þjónustu við hópinn.

Kannanir voru sendar á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, Samhjálp, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Fangelsismálastofnun og Hjálpræðisherinn (einungis 2009). Að auki tóku SÁÁ og Landspítali háskólasjúkrahús þátt árið 2017. Starfsfólk þessara stofnana var beðið um að skrá upplýsingar um heimilislausa í sinni þjónustu. Kennitölur voru dulkóðaðar og settar í gagnagrunn sem eyddu út tvítalningu kennitalna.

Á árinu 2021 hefur orðið bylting í skráningum á heimilislausum í þjónustu Reykjavíkurborgar en miðlæg skráning var ekki tiltæk fyrr en það ár. VoR-teymið hefur unnið markvisst að skráningu notenda sem eru í þjónustu teymisins auk þess að ná betur utan um hópinn með aukinni samvinnu við lögreglu, fangelsismálayfirvöld og heilbrigðisstofnanir.

Hópin hefur VoR-teymið meðal annars flokkað á grundvelli ETHOS (European typology of homeless-ness and housing exclusion) sem gerir það mögulegt að meta enn betur þjónustuparfir hópsins.

Á grunni þessarar skráningar er hægt að vinna markvissa tölfræði um þennan viðkvæma hóp í þjónustu Reykjavíkurborgar. Því var nú ekki þörf á að senda út könnun til stofnana og óska eftir skráningum þeirra við vinnslu úttektarinnar. Skráning upplýsinga er þannig öll á forræði velferðarsviðs. Af því að leiðir að gögnin eru öruggari og nákvæmari en þegar þau eru skráð af mörgum ólíkum aðilum.

Af þessu leiðir að velferðarsvið hefur nú yfir mun betri og marktækari gögnum að ráða um hóp heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir í sinni þjónustu en nokkru sinni fyrr. Tölfræðin sem hér er kynnt byggir á skráningu hópsins 1. október 2021.

Úttektin er unnin í nóvember og desember 2021 af Deild málaflokks heimilislausra (HMFÞ) og Teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði.

Tafla 1. ETHOS-flokkar, 2017-flokkar og gagnaöflun 2021

ETHOS	Flokkar í 2017 skýrslu	Gagnaöflun 2021
1. Fólk sem býr á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði 1.1 Almenningsvæði eða úti við	Einstaklingar sem búa á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (living rough) Opinber rými/svæði og/eða úti við. Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.	VoR teymið heldur utan um upplýsingar um þennan hóp. Verður hans var á ferðum sínum, fær upplýsingar frá lögreglu, frú Ragnheiði, heilbrigðisstofnunum o.fl.
2. Fólk í neyðargistingu 2.1 Neyðarskýli	Einstaklingar sem dvelja í neyðarskýlum. Gistiskýlið og Konukot. Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.	Skráningar í gistiskýlum
3. Fólk í húsnæði fyrir heimilislausa 3.1 Gisitiheimili fyrir heimilislausa 3.2 Tímabundið húsnæðisúrræði 3.3. Tímabundið húsnæði með aðstoð	Var flokkað með ETHOS flokki 7 í rannsókninni 2017	Hér eru áfangaheimili og húsnæði sem flokkast undir „húsnæði fyrst“ t.d. smáhúsin.
4. Konur í kvennaathvarfi	Einstaklingar sem dvelja í athvörfum fyrir konur eða í Kvennaathvarfi. Viðkomandi dvelur tímabundið í athvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt.	Í fyrri úttektum var flokkurinn kvennaathvarf notaður en skráningin var ekki tæmandi. Núverandi gögn frá Kvennaathvarfi eru takmörkuð þannig að ekki er hægt að útiloka tvítalningu. Því er réttast upp á samanburð að taka ekki inn fjöldatölur frá Kvennaathvarfi.

Tafla 1. frh. ETHOS-flokkar, 2017 flokkar og gagnaöflun 2021

ETHOS	Flokkar í 2017 skýrslu	Gagnaöflun 2021
6. Fólk sem er að útskrifast af stofnunum 6.1. Fangelsi 6.2 Sjúkrastofnanir (t.d. geðdeildir og endurhæfing vegna vímuefnavanda) 6.3 Stofnanir/heimili fyrir börn	Einstaklingar sem eru að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða. Fangelsi, sjúkrastofnanir, meðferðarstofnanir og áfangaheimili.	VoR teymið heldur utan um þessa skráningu og fær upplýsingar frá lögreglu, fangelsismálayfirvöldum, heilbrigðisstofnum o.fl um hópinn.
7. Fólk í húsnæði og fær langtímastuðning vegna heimilisleysis 7.1 Dvalar/hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem eru heimilislausir 7.2 Húsnæði með stuðningi fyrir fólk sem var áður heimilislaust	Heimilislaust fólk sem nýtur langtímahúsnæðisúrræðis vegna heimilisleysis. Stuðningssambýli fyrir húsnæðislausa einstaklinga. Langtímabúsetu- og stuðningsúrræði.	Hér flokkast einstaklingar sem eru skráðir í herbergjasambýli og samliggjandi íbúðir fyrir heimilislausa á vegum Reykjavíkurborgar. Einnig þau sem hafa fengið úthlutað á hjúkrunarheimili þar sem ekki er búið að setja á fót sérstakt hjúkrunarheimili eða dvalarheimili fyrir hópinn.
8. Fólk sem býr við ótryggar húsnæðisaðstæður 8.1 Býr tímabundið hjá fjölskyldu/ vinum 8.2 Ekki lögleg leiga 8.3 Ólögleg landtaka	Einstaklingar sem búa við ótryggar aðstæður. Tímabundið hjá fjölskyldu og/eða vinum eða í ólöglegu húsnæði. Viðkomandi dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið og/eða án formlegs leigusamnings eða býr í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar. Viðkomandi er þar með í áhættuhóp á að verða langtíma heimilislaus.	Skráningar VoR teymis. Fólk sem er háð geranda um húsnæði er flokkað undir 8.1. Má gera ráð fyrir að hér vanti fólk á listann sem er ekki í þjónustu VoR teymis. Mun verkefnið Öruggr búseta fyrir alla þar sem áætlað er að kortleggja fjölda einstaklinga sem búa í atvinnuhúsnæði leiða slíkt í ljós.

5. Helstu niðurstöður

Úttektin skiptist í þrjá meginkafla:



Heimilislausir 2021



Þróun heimilislausra 2009-2021



Heimilislausir í þjónustu VoR-teymis

Hóparnir eru greindir í köflum eftir ETHOS-flokkum, kyni, ríkisfangi og aldri eftir því sem gögnin leyfa.

Heimilislausir 2021

- Heildarfjöldinn er 301 einstaklingur. Þar af eru 54% í húsnæði, 3% á víðavangi og 31% í neyðargistingu.
- Skipting milli kynja er 214 karlar (71%) og 87 konur (29%).
- 89% hópsins er með íslenskt ríkisfang og 11% með erlent ríkisfang.
- Um 71% hópsins er á aldrinum 21–49 ára.

Þróun heimilislausra 2009-2021

- Frá 2017 hefur fækkað um 14% í hópnum.
- Hlutfall kvenna hefur verið frá um fjórðungi til um þriðjungs á tímabilinu.
- Ríkisfangið hefur haldist nokkuð stöðugt hlutfallslega frá árinu 2012 þar sem fólk með erlent ríkisfang er um 10–11% hópsins.
- Flestir heimilislausir eru á aldrinum 21–49 ára öll úttektarárin. Mesta fjölgunin milli áranna 2017-2021 er í hópnum 31–40 ára og mesta fækkunin í hópnum 21–30 ára.

Heimilislausir í þjónustu VoR-teymis


- Alls eru 120 einstaklingar með þjónustu VoR-teymis eða 40% heimilislausra.
- Af þeim sem fá þjónustu VoR-teymis eru 65% karlar og 35% konur.
- Af þeim sem fá þjónustu VoR-teymis eru 91% með íslenskt ríkisfang og 9% með erlent ríkisfang.
- Af notendum VoR-teymis eru 64% á aldrinum 21–49 ára og er aldursdreifingin á pari við aldursdreifingu hópsins almennt.

6. Heimilislausir 2021


Í Reykjavík telst 301 einstaklingur heimilislaus. Niðurbrot hópsins í ETHOS-flokka má sjá á mynd 1 (hlutfall) og mynd 2 (fjöldatölur).

Í heild nýta 163 einstaklingar húsnæði sem skilgreint er fyrir heimilislausa (121) og í húsnæði með langtímastuðning (42) eða 54% hópsins. Þetta húsnæði er ýmist á vegum Reykjavíkurborgar eða áfangaheimili. Átta einstaklingar, eða 3% hópsins, búa á víðavangi við slæmar aðstæður og 93 einstaklingar dvelja í neyðargistingu, eða 31%.

Mynd 1. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum – hlutfall




Mynd 2. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum – fjöldi



6.1 Heimilislausir | Greining eftir kyni

Mynd 3 sýnir hvernig hópurinn skiptist eftir kyni. Karlar eru 214 eða 71% og konur 87 eða 29% hópsins.


Mynd 3. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir kyni – fjöldi




Mynd 4 sýnir hvernig hópurinn dreifist hlutfallslega eftir ETHOS-flokkunum og mynd 5 sýnir fjöldataölur karla og kvenna. Alls búa 30% kvenna í húsnæði fyrir heimilislausa og 18% í húsnæði og fá langtímastuðning vegna heimilisleysis. Samtals eru því 48% heimilislausra kvenna í húsnæði.

Í samanburði við það eru 44% karla í húsnæði fyrir heimilislausa og 12% í húsnæði og fá langtímastuðning. Samtals eru 56% karla því í húsnæði. Á víðavangi eru 5% kvenna og 2% karla og í neyðarskýlunum dvelja 30% heimilislausra karla og 32% heimilislausra kvenna.

Mynd 4. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og kyni – hlutfall




Mynd 5. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og kyni – fjöldi



6.2 Heimilislausir | Greining eftir ríkisfangi

Mynd 6 sýnir hópinn eftir ríkisfangi, þar má sjá að 269 einstaklingar eru með íslenskt ríkisfang eða 89% hópsins. Til samanburðar eru 32 einstaklingar með erlent ríkisfang eða 11% hópsins.


Mynd 6. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ríkisfangi – fjöldi




Mynd 7 sýnir hlutfallslega dreifingu og mynd 8 fjöldataölur eftir ríkisfangi. Alls búa 25% þeirra sem eru með erlent ríkisfang í húsnæði fyrir heimilislausa og 6% í húsnæði með langtímastuðningi. Samtals eru því 31% heimilislausra með erlent ríkisfang í húsnæði. Samanborið búa 42% þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang í húsnæði fyrir heimilislausa og 15% í húsnæði með langtímastuðningi vegna heimilisleysis. Samtals er því 57% þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang í húsnæði.

Um 3% beggja hópa búa á víðavangi en 59% þeirra sem eru með erlent ríkisfang dvelja í neyðargistingu á móti 28% þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang.

Mynd 7. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi – hlutfall




Mynd 8. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi – fjöldi




6.3 Heimilislausir | Greining eftir aldri

Myndir 9 og 10 varpa ljósi á dreifingu eftir aldri og kyni. Stærsti hópur heimilislausra er á bilinu 31–40 ára eða 29%. Þá er 71% alls hópsins á aldrinum 21–49 ára. Hlutfallslega eru fleiri konur í þessum aldurshópum, eða 76% kvenna samanborðið við 69% karla.

Mynd 9. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir aldri og kyni – hlutfall



Mynd 10. Heimilislausir 1. okt. 2021 eftir aldri og kyni – fjöldi




7. Þróunin 2009–2021

Hér verður gerður samanburður á úttektum á heimilislausum á árunum 2009–2021. Sá fyrirvari er þó gerður við samanburðinn að framkvæmdin við gagnaöflun var ólík, eins og fram hefur komið. Engin úttektanna gefur tæmandi upplýsingar um fjölda heimilislausra. Í fyrri úttektum var um að ræða könnun og því er mögulegt að einstaklingar hafi fallið utan hennar, þar sem einhverjir voru ekki skráðir af þeim aðilum sem komu að skráningunni. Í úttektinni nú gætu einstaklingar sem eru heimilislausir en sækja hvergi þjónustu velferðarsviðs í málaflokki heimilislausra fallið utan hennar.

Mynd 11 sýnir fjölda heimilislausra árin 2009–2021. Þegar þróunin milli áranna 2009 og 2021 er skoðuð má sjá að fjölgað hefur í hópnum úr 121 í 301. Hins vegar er 14% fækkun á milli áranna 2017 og 2021.


Mynd 11. Heimilislausir 2009–2021 – fjöldi




7.1 Þróunin | Greining eftir kyni

Myndir 12 og 13 sýna hvernig kynjahlutfallið hefur þróast en það hefur aðeins tekið breytingum á tímabilinu. Hlutfall kvenna hefur verið frá um fjórðungi til um þriðjungs á tímabilinu og stendur nánast í stað milli ára 2017 og 2021.

Mynd 12. Heimilislausir 2009–2021 eftir kyni – hlutfall




Mynd 13. Heimilislausir 2009–2021 eftir kyni – fjöldi




7.2 Þróunin | Greining eftir ríkisfangi

Myndir 14 og 15 sýna þróun hópsins eftir ríkisfangi. Í fyrstu úttektinni var hlutfall fólks með erlent ríkisfang 5%. Frá árinu 2012 hefur hlutfall hópsins haldist nokkuð stöðugt þar sem fólk með erlent ríkisfang telur um 10–11% hópsins.

Mynd 14. Heimilislausir 2009–2021 eftir ríkisfangi – hlutfall



Mynd 15. Heimilislausir 2009–2021 eftir ríkisfangi – fjöldi



7.3 Þróunin | Greining eftir aldri

Árið 2009 voru önnur aldursbil nýtt til flokkunar en í úttektunum árin 2012 og 2017. Árið 2021 var stuðst við sömu aldursflokka og gert var árin 2012 og 2017 og því er samanburður við gögnin frá 2009 ekki mögulegur.


Það sem hefur einkum breyst nú frá fyrri úttektum er að skráning á aldri er mun nákvæmari. Í fyrri úttektum var aldur óþekktur í allt að 14% tilfella.

Flestir heimilislausra voru á bilinu 21–49 ára öll þrjú úttektarárin. Árið 2012 voru þeir 64% hópsins og 63% árið 2017. Hópurinn hafði stækkað enn frekar árið 2021 og er nú rúmlega 70%.

Mesta breytingin milli áranna 2017 og 2021 er í hópnum 31–40 ára en fjölgunin í þeim hópi er 8,4%. Næstmesta fjölgunin er í hópnum 61–70 ára eða 5,7%. Fækkunin er mest í aldurshópnum 21–30 ára, eða um 5,2%.




Mynd 16. Heimilislausir 2012–2021 eftir aldri – hlutfall*



* Í úttektinni 2009 voru notaðir aðrir aldursflokkar

Mynd 17. Heimilislausir 2012-2021 eftir aldri – fjöldi*



* Í úttektinni 2009 voru notaðir aðrir aldursflokkar

8. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis

Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (VoR) heyrir undir deild málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFÞ). Deildin tilheyrir þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Deildin hefur einnig umsjón með neyðarskýlum borgarinnar og því húsnæði sem fellur undir húsnæði fyrst.

Tilgangur VoR-teymis er að aðstoða heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Það veitir fjölbreytta aðstoð, stuðning og ráðgjöf og miðlar upplýsingum um þjónustu sem er í boði.


Teymið starfar meðal annars með fólki sem sækir gistiskýli fyrir konur og karla, með íbúum smáhúsa og íbúða þar sem þjónusta er veitt á grundvelli hugmyndafræðinnar húsnæði fyrst.



Alls voru 120 einstaklingar með þjónustu VoR-teymis 1. október 2021. Hlutfallslega eru því 40% heimilislausra í Reykjavík með þjónustu VoR-teymis.


Myndir 18 og 19 sýna hvernig þeir einstaklingar flokkast eftir ETHOS-flokkum bæði hlutfallslega og eftir fjölda. Flestir eða 39% eru í húsnæði fyrir heimilislausa, í neyðargistingu eru 29% hópsins og í húsnæði og með langtímastuðning eru 19%.

Mynd 18. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum – fjöldi



Mynd 19 sýnir hversu hátt hlutfall heimilislausra í hverjum ETHOS-flokki er með þjónustu VoR-teymis. Stærstu hóparnir í þjónustu teymisins eru fólk í neyðargistingu (29%), fólk í húsnæði fyrir heimilislausa (39%) og fólk í húsnæði sem fær einnig langtímastuðning vegna heimilisleysis (19%).

Mynd 19. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum – hlutfall




8.1 Þjónusta VoR-teymis | Greining eftir kyni

Alls voru 78 karlar og 42 konur í þjónustu VoR-teymis og eru því 65% þeirra sem nýta þjónustuna karlar og 35% konur, sjá mynd 20. Ef allur hópur heimilislausra er skoðaður má sjá að 48% heimilislausra kvenna eru með þjónustu VoR-teymis samanborið við 36% karla.


Myndir 21 og 22 sýna nánar niðurbrot kynja eftir ETHOS.

Mynd 20. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir kyni – fjöldi




Myndir 21 og 22 sýna nánar niðurbrot kynja með þjónustu VoR teymis eftir ETHOS-flokkunum. Karlar eru fjölmennastir í húsnæði fyrir heimilislausa eða 45% karla og 15% í húsnæði og með langtímastuðning eða alls 60% karla. Um 29% kvenna eru í húsnæði fyrir heimililausa og 26% í húsnæði með langtímastuðning eða alls 55% hópsins. Hlutfallslega er fjölmennasti hópur kvenna í neyðargistingu eða 33% samanborið við 27% karla.

Mynd 21. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum og kyni – hlutfall



**Mynd 22. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis
eftir ETHOS-flokkum og kyni – fjöldi**




8.2 Þjónusta VoR-teymis | Greining eftir ríkisfangi

Af 120 einstaklingum með þjónustu VoR-teymis eru 109 með íslenskt ríkisfang eða 91% hópsins. 11 notendur eru með erlendan ríkisborgararétt eða 9% hópsins.


Ef allur hópur heimilislausra er skoðaður má sjá að 32 einstaklingar eru með erlent ríkisfang og 11 þeirra eru með þjónustu VoR teymis, eða 34% hópsins. Til samanburðar eru 269 einstaklingar með íslenskt ríkisfang og þar af fá 109 þjónustu VoR-teymis, eða 41% hópsins.

Mynd 23. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir ríkisfangi – fjöldi




Myndir 24 og 25 sýna heimilislaust fólk með þjónustu VoR-teymis eftir ríkisfangi og ETHOS-flokkum. Af þeim sem eru með erlent ríkisfang er stærsti hópurinn í neyðargistingu, eða 45%. Stærsti hópurinn meðal þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang er í húsnæði fyrir heimilislausa, eða 39%.

Mynd 24. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi – hlutfall




**Mynd 25. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis
eftir ETHOS-flokkum og ríkisfangi – fjöldi**



8.3 Þjónusta VoR-teymis | Greining eftir aldri


Hlutfall aldurshópanna með þjónustu VoR teymis og hlutfall þeirra í hópi heimilislausra er nokkuð áþekkt heilt yfir með tveimur undantekningum. Ívið fleiri í hópnum 51–60 ára eru með þjónustu og færri í hópnum 31–40 ára, sbr. mynd 26.

Mynd 26. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir aldri - hlutfall




Þegar heimilislaust fólk með þjónustu VoR-teymis er skoðað eftir aldri kemur í ljós að teymið þjónustar fólk í öllum aldursflokkum. Dreifingin er nokkuð jöfn eins og myndir 27 sýnir.

Mynd 27. Heimilislausir alls og með þjónustu VoR-teymis eftir aldri – fjöldi



Mynd 28 sýnir hvernig hópurinn skiptist eftir aldri og kyni. Almennt eru fleiri karlar í þjónustu í hverjum aldursflokki enda fjölmennari hópur með einni undantekningu en fleiri konur eru í þjónustu í aldursflokknum 41–50 ára.

Mynd 28. Heimilislausir með þjónustu VoR-teymis eftir aldri og kyni – fjöldi



Viðauki

ETHOS flokkar

	AÐGERÐAFLOKKUR	HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR	ALMENN SKILGREINING
Heimilisleysi (Homelessness)	Á GÖTUNNI (ROOFLESS)	1 Fólk sem býr á viðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (á götunni)	1.1 Almenningsvæði eða úti við Fólk sem býr á götunni eða á almenningsvæðum án skýlis sem hægt er að kalla húsnæði
		2 Fólk í neyðargistingu	2.1 Neyðarskýli Fólk sem á engan varanlegan samastað sem notar sér neyðarskýli og annað slíkt þar sem kröfur eru litlar
	HÚSNÆÐISLAUS (HOUSELESS)	3 Fólk í húsnæði fyrir heimilislausu	3.1 Gistiheimili fyrir heimilislausu 3.2 Timabundið húsnæðisúrræði 3.3 Timabundið húsnæði með aðstoð Gistingu er ætluð til skemmri tíma
		4 Konur í kvennaathvarfi	4.1 Kvennaathvarf Konur sem fá gistingu vegna heimilisofbeldis og gisting er ætluð til skemmri tíma
	HÚSNÆÐISLAUS (HOUSELESS)	5 Fólk í húsnæði fyrir innflytjendur	5.1 Timabundin gisting / móttökusvæði 5.2 Húsnæði fyrir farandverkafólk Innflytjendur í móttökufæri eða timabundinni gistingu vegna innflytjendastöðu
		6 Fólk sem er að útskrifast af stofnunum	6.1 Fangelsi 6.2 Sjúkrastofnanir (s.s. geðdeildir og endurhæfing vegna vímuefnavanda) 6.3 Stofnanir/heimili fyrir börn Fólk sem fær ekki húsnæði eftir lausn úr fangelsi Fólk sem dvelur of lengi á stofnun vegna húsnæðisleysis Ungt fólk sem vantar húsnæði þegar þau ná lögaldri
		7 Fólk sem fær langtíma stuðning vegna heimilisleysis	7.1 Dvalarheimili fyrir aldraða sem eru heimilislausir 7.2 Húsnæði með stuðningi fyrir fólk sem var áður heimilislaust Langtímadvöl fyrir fólk sem var áður heimilislaust (yfirléitt lengri en eitt ár)
	ÓTRYGGAR HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR (INSECURE)	8 Fólk sem býr við ótryggar húsnæðisaðstæður	8.1 Býr timabundið hjá fjölskyldu/vinum 8.2 Ekki lögleg leiga 8.3 Ólögleg landtaka Býr í venjulegu húsnæði en ekki eigin húsnæði eða sínu vanalega húsnæði vegna húsnæðisleysis Býr án leigusamnings/samkomulags eða ólöglega Landtaka án löglegra réttinda
		9 Fólk sem er í áhættu á að missa húsnæði	9.1 Útburðarkrafa sett fram 9.2 Útburðarkrafa sett fram af nýjum eiganda Útburðarkrafa er í gangi Þar sem veðréttaeigandi á löglega kröfu yfir eigninni
		10 Fólk sem býr við ofbeldisógn	10.1 Atvik skráð af lögreglu Þegar lögregla grípur til aðgerða til að tryggja öruggan dvalarstað fyrir þolendur heimilisofbeldis
	ÓFULLNÆGJANDI HÚSNÆÐI (INADEQUATE)	11 Fólk sem býr í bráðabirgðahúsnæði eða óhefðbundnu húsnæði	11.1 Hjólhýsi 11.2 Óhefðbundið húsnæði 11.3 Timabundið húsnæði Ekki ætlað til lengri dvalar Bráðabirgðaskýli, kofi eða hreysi Hálf-varanleg bygging, skáli eða kofi
		12 Fólk sem býr í ófullnægjandi húsnæði	12.1 Byggingar sem búið er í en eru ófullnægjandi sem húsnæði Skilgreint sem óibúðarhæft húsnæði í lögum eða byggingarreglugerðum
		13 Fólk sem býr við allt of mikil þrengsli vegna fjölda íbúa í húsnæði	13.1 Hæsta viðmið löggjafar um þrengsli vegna íbúafjölda í húsnæði Skilgreint þannig að það fari yfir þau mörk sem stjórnvöld setja um gólfpláss pr. einstakling eða nothæf herbergi